

Vopnafjarðarhreppur  
Hamrahlíð 15  
690 Vopnafjörður

Selfossi, 10. júlí 2024  
UST202406-289/K.B.B.  
10.00

### Efni: Ósk um umsögn - framkvæmdarleyfi - Selárdalur - skógrækt

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 24. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna óskar Six Rivers Iceland um framkvæmdarleyfi til Vopnafjarðarhrepps.

Í umsókn um framkvæmdarleyfi kemur fram að Six Rivers Iceland sækir um framkvæmdarleyfi til náttúruskógræktar á 111 hektara landsvæði á jörðunum Áslaugarstöðum, Þorvaldsstöðum og Hamri í Selárdal fyrir sumarið 2024. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps eru svæðin sem um ræðir skilgreind sem landbúnaðarsvæði. Óskað hefur verið eftir því að svæðið verði skilgreint sem skógræktar- og landgræðslusvæði í nýju aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps.

Umhverfisstofnun skrifaði umsögn vegna matskyldufyrirspurnar fyrir skógræktarframkvæmdir í Selárdal, dags. 13. júní 2024<sup>1</sup>.

Framkvæmdir þær sem sótt er um framkvæmdarleyfi fyrir eru í samræmi við þau áform sem fram koma í matskyldufyrirspurn. Til stendur að planta einnig reynivið í skógræktarsvæðið en þar sem reyniviður er einnig innlend trjátegund samkvæmt lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019 hefur það ekki áhrif á umfjöllunina. Vísast því í umfjöllun Umhverfisstofnunar í neðangreindri umsögn.

Virðingarfyllt

Kristín Björk Birgisdóttir,  
**sérfræðingur**

Axel Benediktsson,  
**sérfræðingur**

<sup>1</sup> [Umsögn Umhverfisstofnunar vegna matskyldufyrirspurnar - Skógrækt í selárdal.](#)

